

Starfsstöð	Heimilisfang	Viðstaddir			
FE-1134 Matís ohf.	Árleyni 2a - Keldnaholt 112 Reykjavík	Birgir Örn Smáráson Environmental and waste manager Davíð Gíslason Manager of operations			
Tilfni	Eftirlit framkvæmt	Dagsetning skýrslu	Tímar við úttekt	Viðbótartímar	Yfirvinna
Reglubundin skoðun	9.10.2019	14.10.2019	3,00	0,00	0,00

Skoðuð voru og tekin afstaða til 5 skoðunatriða af 6. Gerðar eru kröfur um úrbætur í 2 skoðunatriðum, þar af 0 Alvarleg frávik og 2 Frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

Frestur til úrbóta

Næsta reglubundna skoðun

Alvarleg frávik

Frávik

[2.1.2 Framleiðsluskýrsla](#)

[4.1.2 Skráning vegna slátrunar og seiðasölu](#)

Aðrar athugasemdir

Eftirlitið var fyrsta reglubundna eftirlit með rekstrarleyfi Matís í Árleyni 2a.

Gengið var um stöðina og aðstaðan skoðuð. Þrjú eldisrými voru í notkun þar sem unnið er að fódurtilraunum með rækju, laxaseiði og ostrur. Framkvæmdir standa yfir og áætlað er að stækka eldisrými stöðvarinnar á næstu misserum.

Allt frárennsli úr stöðinni fer í fráveitukerfi Reykjavíkurborgar.

Vakin skal athygli á að skv. 1. mgr. 26. gr. stjórnsýslulaga, er þér heimilt að kæra ákvörðun þessa til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Jafnframt skal athygli vakin á 1. mgr. 27. gr. laganna, þar sem segir að stjórnsýslukæra skuli borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun."

Starfsstöð

Matís ohf.
Árleyni 2a - Keldnaholt
112 Reykjavík
Staða: Í gildi
Kennitala: 6709060190

Starfsemi

Frumframleiðsla - þáttur VI - TE - Tilraunaeldi

Tengiliðir

Birgir Örn Smáráson	8585193	birgir@matis.is	Environmental and waste manager
Davíð Gíslason	8585136	davidg@matis.is	Manager of operations

2 - Leyfi

2.1 - Rekstrarleyfi og skírteini

7.gr. laga nr. 71/2008 og 34. gr. í reglugerð 1170/2015

2.1.2 Framleiðsluskýrsla

Sett inn: 09.10.2019

Frávik

Framleiðsluskýrsla var ekki skilað fyrir árið 2018.

Skv. 47. gr. reglugerðar 1170/2015 þurfa allir rekstrarleyfishafar að skila árlegri skýrslu um starfsemi sína fyrir 1. febrúar ár hvert. Framleiðsluskýrslunni er hægt að skila í gegnum þjónustugátt MAST á mast.is

4 - Framleiðsluskráningar

4.1 - Dagbækur og skipulag

4.1.2 Skráning vegna slátrunar og seiðasölu

Sett inn: 09.10.2019

Frávik

Flutningur á lifandi fiski hefur ekki verið tilkynntur Matvælastofnun né fylgdi honum heilbrigðisvottorð útgefið af sérgreinadýralækni fisksjúkdóma.

20. gr. í reglugerð nr. 300/2018.

"Rekstrarleyfishafa ber að tilkynna Matvælastofnun með hæfilegum fyrirvara um allar fyrirhugaðar afhendingar á eldisdýrum milli starfsstöðva. Allur flutningur lagardýra til og frá eldisstöðvum eða lindýraræktunarsvæðum er óheimill nema að honum fylgi heilbrigðisvottorð, útgefið af sérgreinadýralækni fisksjúkdóma eða opinberum dýralækni undir hans stjórn. Rekstrarleyfishafi skal halda nákvæma skrá yfir öll útgefin heilbrigðisvottorð þar sem tilgreint er hvenær afhending fór fram, magn og hvaða tegund var afhent hverju sinni, hver móttakandi var og hvernig eldisdýrunum var ráðstafað."

Eftirfarandi skoðunatriði voru skoðuð og reyndust í lagi

2.1.1 Rekstrarleyfi

3.2.1 Eldisbúnaður og fiskheldni

4.1.1 Dagbókarfærslur

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit með fiskeldi er samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Löggjöfin fjallar um eftirlit og leyfisveitingar rekstrarleyfa til fiskeldis. Nánari ákvæði hafa verið sett fram í reglugerð nr.1170/2015 um fiskeldi. Markmið laga um fiskeldi er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná því markmiði skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd í sjókvíældi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó.